

FUNDARGERÐ STÝRIHÓPS UM FORVARNIR

4.fundur Stýrihóps um forvarnir í Húnaþingi vestra haldinn mánudaginn 16.maí 2012, kl: 09.30 í fundarherbergi Ráðhússins.

Mættir undirritaðir:

Dagskrá:

1. Niðurstöður könnunar frá 10.bekkjjar deginum
2. Vetrarstarf í félagsmiðstöðinni, forvarnarvinna
3. Skýrsla ungmennaráðs

Samþykkt að taka á dagskrá:

4. Námsskeið

Afgreiðslur:

1. Nemendur 10.bekkjjar svöruðu könnun að loknum 10. bekkjar deginum. Mikil ánægja var meðal nemenda með daginn og þau töldu daginn hafa gott forvarnargildi fyrir sig. Tímalengdin var það sem eina sem nefnt var sem þyrfti að breytast fyrir næsta ár, ekki gafst tími til að klára dagskránnu áður en þau fóru upp í rútu..

2. Karólína fór yfir starf vetrarins í félagsmiðstöðinni. Einnig voru mótaðar samskiptareglur fyrir þá sem eru í félagsmiðstöðinni. Félagsmiðstöðin er á samskiptavefnum facebook og hægt að fylgjast með öllum atburðum þar. Vetrarstarfinu lýkur með vorferð fyrir eldri aldurshópinn á fimmtudaginn 24.maí og farið verður til Reykjavíkur.

Leikjanámsskeið í sumar eru á vegum félagsmiðstöðvarinnar fyrir börn fædd á árunum 2003-2006. Fyrri námsskeiðið byrjar 29.maí- 8.júní og það seinna verður frá 18.júní- 29.júní.

3. Skýrsla ungmennaráðs kynnt. Mjög áhugaverð vinna hefur farið fram og ungmennin leggja fram ýmsar hugmyndir varðandi Húnaþing vestra. Skýrslan skiptist í eftirfarandi kafla: Umhverfi og skipulag, Samgöngur, Íþróttir og tómstundamál, Skólamál, Vinnuskóli/sumarstarf og Menningarmál og viðburðir tengdir ungmennum.

Enn á eftir að fara yfir textann endanlega og samþykkja hann í ungmennaráði. Í kjölfarið verður skýrslan kynnt sveitarstjórninni. Grunnskóli Húnaþings vestra fékk 150 000 króna styrk frá Sprotasjóði og verður hann nýttur til að gefa út bækling með helstu atriðum skýrslunnar sem verður dreift í öll hús í sveitarfélaginu.

4. Karólína kynnti væntanlegt námsskeið fyrir ungmenni í júní á vegum Geðhjálpár, þar sem fjallað verður um leiðir til að vernda geðheilbrigði og varnir gegn neikvæðum hugsunum og áreiti í samskiptum fólks. Hugsanlegt er að það verði kynjaskipt. Forvarnarhópurinn styrkir 2 slík námsskeið.

.Fundargerð upplesin og fundi slitið kl: 10.37

Eydís Aðalbjörnsdóttir(sign) Karólína Gunnarsdóttir(sign)

Kristján Þorbjörnsson(sign) Magnús Magnússon(sign)

S. Kristín Eggertsdóttir(sign) Sigurður Þór Ágústsson(sign)